

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Sandgerðisbæjar 1997 - 2017, miðbæjarsvæðið.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 19. mars 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Sandgerðisbæjar 1997-2017 frá 5. ágúst 1999.

Breytingin felst í því að Tjarnarbraut er lögð niður sem stofnbraut og Strandgata tekur við sem stofnbraut nokkuð vestar. Vegur þvert í gegnum tjarnarsvæðið (útivistarsvæði) er því afnuminn. Göngustígar færast samhliða veginum. Íbúðarsvæði austan við Strandgötu og sunnan Brekkustígs stækkar til vesturs og stærð og lögun opinna svæða breytist að sama skapi. Víkurbraut tengist Austurgötu í stað Strandgötu. Íbúðarsvæði austan miðbæjarsvæðis stækkar til vesturs og miðbæjarsvæðið minnkar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Sandgerðisbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 19. mars 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.